





Heilbrigðiseftirlit
Vesturlands

Ársskýrsla 2024

© Heilbrigðiseftirlit Vesturlands 2025

Umbrot: María Harðardóttir.

Ljósmynd á forsíðu: Horft norður eftir Norðurárdal í Borgarfirði. Norðurá í forgrunni, Grábrók til vinstri, þá Hraunsnefsöxl, Baula og Hvammsmúli. Ljós. Þorbjörg Kristjánsdóttir.

Ljósmyndir í ársskýrslu: Þorbjörg Kristjánsdóttir og Þorsteinn Narfason.

Rafræn pdf-útgáfa á vef Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, www.hev.is

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI	2
STJÓRNSKIPAN OG HLUTVERK	4
STARFSEMI	7
EFTIRLIT	15
FJÁRMÁL	25



FORMÁLI

Störf heilbrigðisnefndar voru með venjubundnum hætti á árinu og reksturinn gekk vel. Hefðbundnir fundir nefndarinnar voru sex, auk aðalfundar sem var haldinn hér á Hótel Hamri í mars og eigendafundar sem var haldinn í Hótel Varmalandi. Á þeim fundi voru ræddar tillögur ríkisins um breytingar á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits þar sem lagt er til að það verði fært til ríkisins. Einnig var kynnt tillaga framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlits Vesturlands um tímabundna ráðningu á sérstökum starfsmanni, sem væri kostaður af aðildarsveitarfélögunum og fengi það hlutverk að sinna lóðahreinsunum í sveitarfélögunum til að auka skilvirkni í þessum málaflokki. Slíkur starfsmaður hefur reynst vel á Suðurlandi og Suðurnesjum. Tillagan var rædd. Þá var kynnt var sameiginleg samþykkt um vatnsverndarsvæði sem heilbrigðiseftirlitið vinnur að, þeirri vinnu er ólokið. Einnig voru kynnt drög að sameiginlegri hunda og kattasamþykkt. Á fundinum var ákveðið að áfram yrði unnið að samþykktinni og hún síðan send á sveitarfélög til umfjöllunar. Nú liggur fyrir að þrjú sveitarfélög hafa ekki áhuga á að staðfesta samþykktina og þá er annaðhvort að gera sameiginlega samþykkt fyrir þau sem eftir standa eða að hvert sveitarfélag geri samþykkt fyrir sig sem mætti þá byggja á þessum grunni. Það verður vonandi tækifæri til að spjalla aðeins um þetta mál á þessum fundi.



Kristinn Hallur Sveinsson

Hlutverk heilbrigðisnefndar er að framfylgja hinum ýmsum lögum, reglugerðum og samþykktum sveitarfélaga þar sem kveðið er á um að tiltekin starfsemi sé háð starfsleyfi eða skráningu og eftirliti heilbrigðiseftirlits. Heilbrigðisfulltrúar vinna í umboði nefndarinnar, hjá embættinu voru 4,8 stöðugildi árið 2024 en miðað er við fimm stöðugildi í rekstrinum. Eftirlitsskyldum fyrirtækjum fjölgaði lítillega og heilbrigðiseftirlitið náði að sinna 98% af lögbundnu eftirliti sem er besti árangur til þessa. Á árinu var auk þess farið með markvissara hætti en áður að fylgja eftir úrbótum við frávikum sem gerð voru í eftirliti. Framkvæmdastjóri mun fara yfir betur rekstur síðasta árs í sinni kynningu.



Á árinu fór talsverð orka heilbrigðiseftirlitsumdæma í að svara hugmyndum fyrrverandi umhverfis- og auðlindaráðherra um að færa allt eftirlit til ríkisins. Á sama tíma hafði ráðherra kynnt að ekki yrði farið í þessar breytingar ef sveitarfélögin vildu það ekki. Það var því virkilega ánægjulegt að sveitarfélög á Vesturlandi og í Kjósarhreppi voru samstíga í að verja starfsemi eftirlitsins í héraði í sínum bókunum og mörg hver tóku undir bókun Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi eins og óskað hafði verið eftir. Niðurstöður voru kynnar umhverfisráðherra með bréfi. Á sama tíma hafði verið skipaður stýrihópur af ráðuneytinu sem á að skila tillögum um framtíðar fyrirkomulag eftirlits til umhverfisráðherra. SHÍ á fulltrúa í hópnum sem hefur eftir besta megni komið sjónarmiðum heilbrigðiseftirlits til skila. Samkvæmt upplýsingum frá honum virðist sem það sé að opnast möguleiki á að tillaga verði gerð um að heilbrigðiseftirlitið verði áfram rekið af sveitarfélögum en eftirlitskerfi verði sameinað og mögulega einhverjar aðrar breytingar sem verða vonandi til góðs.

Auk eftirlits með rekstri gerir heilbrigðiseftirlitið umsagnir um skipulagsuppdraetti og nýja löggjöf þessi vinna hefur aukist um helming milli ára. Jafnframt gefur heilbrigðiseftirlitið umsagnir um tækifærisleyfi og rekstrarleyfi sýslumanns. Eins er reynt að verða við beiðnum frá sveitarfélögum varðandi hreinsanir á landi sveitarfélagsins, s.s. vegna númerslausra bíla en eins og áður segir er lítið svigrúm enn sem komið er til að fara í víðtækar lóðahreinsanir á einkalóðum sem geta verið snúin mál og flókin.

Eitt mál kom upp sem varðar hópsýkingu í Húsafelli. Í slíkum tilvikum er settur saman viðbragðshópur viðkomandi heilbrigðiseftirlits, Matvælastofnunar og Landlæknisembættisins sem fundar eftir þörfum og ákveður hvernig rannsókn er háttað og reyndir að grafast fyrir um uppruna hópsýkingarinnar. Í þessu tilviki veiktust þrír aðskildir hópar í Húsafelli og greindist nóróveira í saursýni hjá tveimur einstaklingum. Talið er líklegast að fólkið hafi borið veiruna með sér á staðinn og ekkert sem bendir til að sýkingin hafi átt uppruna sinn í Húsafelli. Í tilvikum sem þessum þegar mikið liggur við getur heilbrigðiseftirlitið á augabragði sett allt viðbragð á einn stað í það viðfangsefni sem þarf að leysa, gildir þá einu hvort um er að ræða hópsýkingar, mengunarslys, myglu í skólum eða hvað annað sem þarf hraða úrlausn. Sveitarfélög eiga alltaf greiðan aðgang heilbrigðiseftirlitinu vegna þeirra úrlausnarmála sem koma upp í sveitarfélögunum.

Og að lokum vil ég nota tækifærið hér og þakka öllum sem hlut eiga að máli, starfsmönnum, nefndarmönnum og sveitarfélögum fyrir gott samstarf.

Úr skýrslu stjórnar, erindi flutt af Kristni Halli Sveinssyni formanni heilbrigðisnefnar á aðalfundi Heilbrigðis eftirlits Vesturlands, haldinn á Hótel Hamri, Borgarbyggð, 26. mars 2025.



STJÓRNSKIPAN OG HLUTVERK


Í landinu eru níu heilbrigðiseftirlitssvæði sem sjá um að framfylgja ákvæðum:

- laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir,
- laga nr. 93/1995 um matvæli,
- laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald
- laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir.

auk reglugerða sem settar eru með stoð í þessum lögum, heilbrigðissamþykktu og sérstakra laga/reglna sem heilbrigðisnefndum er falið (eða kann að vera falið) að annast framkvæmd á.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga er staðbundið stjórnvald sem heyrir undir heilbrigðisnefnd á hverjum stað. Heilbrigðisnefndir byggja ákvarðanir sínar á framangreindri löggjöf og eru ákvarðanir þeirra fullnaðarákvarðanir í stjórnsýslunni.

Fyrirkomulag stjórnsýslu heilbrigðiseftirlitsins, stofnana og ráðuneyta má sjá á skýringarmynd hér til hliðar. Matvælastofnun (MAST) hefur yfirlit með matvælaeftirliti og heyrir málaflokkurinn undir matvælaráðuneytið. Eftirlitsstofnun Evrópu (EFTA) hefur ytra eftirlit með MAST og heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga. Umhverfisstofnun (UST) hefur yfirlit með málum sem tengjast hollustuháttum, mengunarvörnum og vöktun og heyra þeir málaflokkar undir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið. Formenn heilbrigðisnefnda og framkvæmdastjórar heilbrigðiseftirlitssvæða sitja í Samtökum heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ) sem fjalla m.a. um samræmingu og stefnumótun.



Fyrirkomulag stjórnsýslu heilbrigðiseftirlits, stofnana og ráðuneyta. Örvar tákna samvinnu stofnana.



Heilbrigðiseftirlit Vesturlands var stofnað árið 1999 af sveitarfélögum á Vesturlandi. Árið 2024 var því 26. starfsár stofnunarinnar.

Hlutverk heilbrigðiseftirlits er að vinna í almannabágu með því að framfylgja lögum og reglugerðum sem heyra undir stofnunina, m.a. með því að tryggja:

- **heilnæmi matvæla** með vöktun við framleiðslu, dreifingu og flutningi, merkingu og sölu
- **reglubundið eftirlit** með mengandi starfsemi, s.s. með kröfu um bættar mengunarvarnir þar sem við á
- **eftirlit með öryggi og hollustuháttum** þar sem almenningur sækir þjónustu.
- **aðstöðu og sóttvarnir** þar sem unnið er að persónulegri þjónustu (t.d. tannlæknastofur og snyrtistofur)
- **skoðun á íbúðarhúsnæði** m.t.t. hvort það er heilsusamlegt.
- **öryggi leikvalla og leikvallatækja**
- **öruggt og heilsusamlegt kennsluhúsnæði**
- **fræðslu** á sviði heilbrigðiseftirlits (unnið er í samvinnu við stjórnvöld og íbúa að því að uppfylla markmið laga og reglugerða)
- **vöktun neysluvatns, yfirborðsvatns í ám og vötnum og strandlengjunnar** (s.s. vegna fráveitu)

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands heldur úti vefnum www.hev.is, þar sem má finna upplýsingar um starfsemi eftirlitsins.



Heilbrigðisnefnd Vesturlands

Yfirlit yfir aðal- og varamenn í Heilbrigðisnefnd Vesturlands sem tóku sæti eftir kosningar 2022 er í töflunni hér að neðan. Heilbrigðisnefnd Vesturlands hélt sex formlega fundi árið 2024. Aðal aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands var haldinn í mars á Hótel Hamri, Borgarbyggð og eigendafundur var á Hótel Varmalandi í maí. Fundargerðir eru aðgengilegar á [vef eftirlitsins](#).

Aðal- og varamenn í Heilbrigðisnefnd Vesturlands.

Aðalmaður	Sveitarfélag/staða	Varamaður	Sveitarfélag
Kristinn Hallur Sveinsson, formaður	Akranes	Pórunn Kjartansdóttir	Akranes
Auður Kjartansdóttir, varaformaður	Snæfellsbær	Eiríkur Rúnarsson	Snæfellsbær
Birkir Snær Guðlaussón	Hvalfjarðarsveit	Inga María Sigurðardóttir	Hvalfjarðarsveit
Sigrún Ólafsdóttir	Borgarbyggð	Guðrún Kristjánsdóttir	Borgarbyggð
Sigurhanna Ágústa Einarsdóttir	Grundarfjörður	Bjarni Sigurbjörnsson	Grundarfjörður
Trausti Gylfason	Fulltrúi atvinnulífs	Sigríður Margrét Guðmundsdóttir	
Skúli Hreinn Guðbjörnsson	Fulltrúi náttúruverndarnefnda á Vesturlandi	Garðar Freyr Vilhjálmsson	



STARFSEMI

Rekstur

Starfsmenn heilbrigðiseftirlitsins annast daglegan rekstur í umboði heilbrigðisnefndar samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, þ.m.t. reglubundið eftirlit og beitingu þvingunarúrræða eftir atvikum. Árið 2024 voru 4,8 stöðugildi en heimild fyrir fimm stöðugildum. Starfsmenn á árinu voru:



Aðalbjörg Aðalbjörnsdóttir.
Lét af störfum 31.12.2024.



Ása Hólmarsdóttir
heilbrigðisfulltrúi



Kristín Elísabet Halldórsdóttir. Lét af störfum
31.12.2024.



Pavle Estrajher. Lét af
störfum 10.3.2024.



Páll Einarsson, tímabundið
hlutastarf 1.6.–31.12.2024)



Rannveig Rögn Leifsdóttir
heilbrigðisfulltrúi
(fæðingarorlof 1.9.–
31.12.2024)



Þorsteinn Narfason
framkvæmdastjóri


Gjöld voru innheimt samkvæmt gjaldskrá nr. 1702/2023 fyrir heilbrigðis-, mengunarvarna- og matvælaeftirlit á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Eftirlit fór fram samkvæmt eftirlitsáætlun en tíðni er breytileg eftir áhættuflokkun. Að auki voru farnar eftirlitsferðir vegna sýnatöku, eftirfylgni krafna, kvartana og umgengnismála á lóðum og úttektar á íbúðarhúsnæði sem grunur var um að ekki væri heilsusamlegt.

Alls eru 918 starfsleyfis skyld fyrirtæki á skrá hjá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, fimm fleiri en árið áður. Þar að baki getur verið margþætt starfsemi og telst hver starfseining eftirlitsskyldur staður. Eftirlitsskyldir staðir eru 1.185. Matvælafyrirtæki eru 352, þar af 78 vatnsveitur. Heilbrigðiseftirlitið hefur jafnframt eftirlit með starfsemi sem er ekki starfsleyfis skyld (t.d. samkvæmt lögum um tóbaksvarnir) og tímabundinni starfsemi (s.s. niðurrifi húsa).

Heilbrigðiseftirlitið er með þjónustusamning við ICT InfoCom Tec Iceland ehf. um rekstur eftirlitsgagnagrunns sem heldur utan um alla eftirlitsskylda starfsemi, eftirlitsskýrslur, kvartanir og samskipti. Kerfið minnir sjálfvirkt á þegar starfsleyfi eru við það að renna út og fresti til úrbóta. Reynslan er mjög jákvæð, enda er kerfið hagkvæmt og sveigjanlegt.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands á þrjá rafmagnsbíla í samræmi við stefnu Heilbrigðisnefndar Vesturlands um að draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar.

Um rekstur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands gildir samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, staðfest á aðalfundi 2021.



Fjöldi starfsleyfis skyldra fyrirtækja á skrá hjá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands og fjöldi stöðugilda árin 2020–2024.



Fundir

Framkvæmdastjórar heilbrigðiseftirlitsvæða héldu reglulega símafundir með forstjórum Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar. Einnig fóru fram reglubundnir fundir í þemahópum þessara stofnanna (matvælaeftirlit, hollustuháttaeftirlit og umhverfisgæði)

Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands var haldinn í mars. Skýrsla formanns er í inngangsorðum ársskýrslunnar. Fjallað er um endurskoðaðan ársreikning heilbrigðiseftirlitsins í lok skýrslunnar.

Eigendafundur var haldinn í maí.

Tveir starfsmenn tóku þátt í norrænum-baltískum fundi Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) í Tallin í Eistlandi 24.–26. apríl 2024 og kynntu áhættumiðað eftirlit með litlum vatnsveitum. Framkvæmdastjóri hélt fjarerindi um sama efni á WHO-fundi í nóvember í Genf í Sviss.

Vorfundur Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ) með stofnunum og ráðuneytum var haldinn á Hótel Laugarbakka í Miðfirði. Fundurinn er samráðsvettvangur þessara aðila.

Starfsmenn tóku þátt í fundi Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa (FHU) á Hótel Hallormstöðum í október.

Embætti landlæknis heldur mánaðarlega fundi með heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga og MAST til að fara yfir stöðu mála varðandi matarborna sjúkdóma/matareitranir. Fundirnir eru samráðsvettvangur.

Tveir starfsmenn sóttu tveggja daga grunnnámskeið í október um sýnatöku úr jarðvegi og grunnvatni sem haldið var á vegum FUMIS, Félags um mengun á Íslandi.



Stjórnsýsla

Útgefin starfsleyfi árið 2024

Alls voru 87 starfsleyfi gefin út árið 2024, færri en undanfarin ár. Fækkun skýrist m.a. af ótímabundnum starfsleyfum á matvælasviði (eftir breytingu á matvælalögum) og tilfærslu hluta rekstrar í skráningu (sjá umfjöllun hér að aftan). Í auknum mæli er gerð krafa um gerð áhrifamats og umhverfisvöktun í starfsleyfum stærri reksturs (t.d. Hólabrú, Hvalur hf, OR-fráveitur á Akranesi og Borgarnesi og Andakílsárvirkjun (Veitur)) í takt við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Á árinu 2024 voru unnin starfsleyfi fyrir opin leiksvæði eftir því sem umsóknir bárust og var þessari vinnu ekki lokið í árslok. Þá er einnig ólokið vinnu við að kortleggja efnislosunarstaði og námur sem og að gefa út starfsleyfi fyrir nokkrar fráveitur.

Útgefin starfsleyfi árin 2018–2024.

Flokkur	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Matvælasvið	20	17	61	88	38	33	26
Hollustuháttasvið	107	114	64	46	47	45	45
Mengunarvarnir	39	22	41	46	32	22	16
Alls	166	153	166	180	117	100	87



Skráningarskyldur atvinnurekstur

Í nóvember 2022 tók gildi reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur. Hún felur í sér að tiltekinn hópur fyrirtækja skráir starfsemi á island.is í stað þess að sækja um starfsleyfi. Markmiðið er einföldun en í reynd hefur kerfið reynst tímafrekt og flókið fyrir rekstraraðila og eftirlitsaðila. Hugmyndin um rafræna stjórnsýslu er vissulega góð en helstu gallar eru þessir:

- Eftir að fyrirtæki skráir starfsemi sína hefur eftirlitsaðili stuttan tíma til að staðfesta/hafna skráningu
- Útgáfa vottorða liggur hjá Umhverfisstofnun, tvö stjórnvöld koma nú að einföldu leyfisveitingaferli. Eftirlitsaðili hefur ekkert um gölluð vottorð að segja.
- Í stað þess að fyrirtæki fái leiðbeiningar frá eftirlitinu áður en starfsleyfi er gefið út og kemur eftirlitið nú eftir á, mögulegar kröfur geta því komið rekstraraðilum í bakið.
- Afgreiðsla skráninga er tímafrekari fyrir eftirlitsaðila þar sem handfæra þarf allar upplýsingar milli kerfa, þrátt fyrir fyrirheit um sjálfvirkni. Kostnaður er þó sá sami og áður.
- Margs konar hnökrar hafa verið á innleiðingu reglugerðarinnar og tæknilausnir sem áttu að flytja skjöl inn í eftirlitskerfi viðkomandi eftirlitsaðila hafa dregist.
- Fyrirtækjaflokkar með umfangsmikla starfsemi og mikla áhættu, s.s. vegna mengunar, eru skráningarskyld þegar eðlilegra væri að þau fengju það aðhald sem fylgir starfsleyfissskilyrðum. Þar má til dæmis nefna fiskvinnslur, mjólkurbú og ostagerð og steypustöðvar.
- Ógagnsætt er hvaða gögn eru send úr kerfinu í nafni embættisins.
- Reglugerðin vinnur á móti tilgangi sínum og flækir hlutina hjá embættinu.

Á árinu 2024 voru 26 rekstraraðilar skráðir. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur ítrekað bent á að úrbótar er þörf á fyrirkomulaginu en ekkert gerðist í þeim efnum á árinu.



Tillögur um breytingar á fyrirkomulagi eftirlits

Skýrsla starfshóps umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis um breytingar á fyrirkomulagi eftirlits var kynnt á eigendafundi í maí. Samráð við sveitarfélög fór ekki fram við vinnslu skýrslunnar. Á fundinum var ákveðið að kallað yrði eftir afstöðu sveitarfélaga á Vesturlandi til niðurstöðu skýrslunnar sem hallast að því að breyta fyrirkomulagi eftirlits og færa það til ríkisins. Á fundinum var m.a. fjallað um:

- Samræming eftirlits heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga er á ábyrgð yfirstofnana, Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar. Gagnrýni um skort á samræmingu ætti að beina þangað.
- Eftirlitskerfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands var útskýrt, m.a. hvernig kerfið heldur utan um fyrirtæki og kvartanir og sendir sjálfvirkir áminningar þegar starfsleyfi og frávik eru að renna út. Einfalt er að sækja upplýsingar úr kerfinu sem skila þarf samræmt yfir landið. Kerfið virkar vel og ekki þörf á nýju.
- Jákvaett er að hafa eftirlitið í héraði í nálægð við staði þar sem vandamálin geta orðið til. Við ríkisvæðingu er hætta á að þjónustun verði minni og ópersónulegri.
- Í niðurstöðu skýrslunnar kemur fram að eftirlit sé oft íþyngjandi fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Raunin er hins vegar sú að yfirfærsla eftirlitsverkefna til ríkis leiðir oft til aukins kostnaðar (t.d. eftirlit með fiskeldi sem færðist til MAST). Gjöld fyrir eftirlit heilbrigðiseftirlits teljast hófleg og gjaldskrá er endurskoðuð árlega.
- Hætta er á að einungis verkefni sem standa undir sér verði færð til ríkisins en þau sem bera ekki eftirlitsgjöld (umsagnir, húsnæðisskoðanir, vöktun umhverfis, tiltektarmál á lóðum o.fl.) sitji eftir hjá sveitarfélögum.
- Ef aðeins matvælaeftirlit flyst til ríkisins gæti það grafið undan rekstrargrundvelli heilbrigðiseftirlits.
- SÍS fékk ekki beiðni um samráð. Kostnaður flutnings hefur ekki verið reiknaður út fyrir sveitarfélög.
- Rætt var um önnur eftirlitsembætti á vegum sveitarfélaga og hvort gagnrýni á samræmi milli sveitarfélaga ætti ekki við um byggingarfulltrúa, slökkvilið og jafnvel vinnueftirlit.
- Umræða um mögulega einkavæðingu eftirlitsins en hún þótti lítt raunhæf án staðla um alla þætti eftirlits.

Í framhaldi var kallað eftir afstöðu sveitarfélaga á Vesturlandi og í Kjósarhreppi. Í svörum þeirra kom fram að stuðningur við tilfærslu er ekki fyrir hendi, fremur ætti að bæta núverandi rekstur og aðlagga að þörfum samfélagsins. Afstaða sveitarfélaganna var kynnt ráðherra og óskað eftir að áformin yrðu felld niður.



Kvartanir


Heilbrigðiseftirliti Vesturlands bærast 59 kvartanir árið 2024. Algengast var að kvartað væri yfir úrgangsmálum (7) og umgengni (5). Einnig bærast kvartanir vegna heilsuspillandi húsnæðis, neysluvatns, mengunar yfirborðsvatns og meðhöndlun matvæla.

Eftirlit með starfsleyfis skyldri starfsemi


Farnar voru 595 eftirlitsferðir árið 2024 og náðist að fara í 99% af öllu lögbundnu eftirliti. Í einni eftirlitsferð getur falist margþætt úttekt hjá samsettri starfsemi (t.d. húsnæði, mótuneyti og leikvallataeki á leikskóla).

Beiting þvingunarúrræða

Í eftirlitsferðum ársins 2024 voru skráð 634 frávik og fyrirtækjum veittur frestur til úrbóta. Í einni eftirlitsferð gera verið mörg frávik. Í 324 tilvikum voru engin frávik. Hlutfall fyrirtækja án frávika hefur farið vaxandi á milli ára (sjá mynd). Heilbrigðisnefnd getur beitt þvingunarúrræðum samkvæmt lögum um matvæli og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Aðilum er heimilt að vísa málum til úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál.



Fjöldi eftirlitsferða árin 2019–2024 og fjöldi stöðugilda.



Fjöldi frávika eftir árum 2019–2024.



Umsagnir um rekstrarleyfi sýslumanns og tímabundin áfengisveitingaleyfi

Heilbrigðiseftirlitið er umsagnaraðili vegna rekstrarleyfa og tímabundinna áfengisveitingaleyfa hjá sýslumanninum á Vesturlandi. Fjöldi umsókna um nýja gististaði hefur fækkað talsvert á milli ára, ástæðan gæti verið að sveitarfélög veita í auknum mæli neikvæðar umsagnir um gistingu í sumarhúsa- og íbúðahverfum.

Umsagnir um rekstrarleyfi sýslumanns 2018–2024.

Umsagnir um rekstrarleyfi:	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Veitingastaðir	32	27	11	11	11	14	26
Gististaðir	44	46	34	30	16	22	12
Tímabundin áfengis- og tækifærisleyfi	38	42	22	8	30	41	52
Alls	114	115	67	49	57	77	90

Umsagnir um skipulagsmál

Gefnar voru 85 skriflegar umsagnir til sveitarfélaga og annarra yfirvalda vegna skipulags- og byggingamála og starfsleyfa. Það virðist skorta leiðbeiningar til hönnuða um atriði sem snúa að hollustuháttum og mengunarvörnum og eiga að koma fram á skipulagsupphráttum, þess vegna eru sömu athugasemdir oft endurteknar ítrekað.



EFTIRLIT

Samþykktir sveitarfélaga

Heilbrigðiseftirlitið fer með eftirlit samkvæmt samþykktum sveitarfélaga sem settar eru með stoð í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Samþykktirnar geta meðal annars fjallað um bann eða takmarkanir á gæludýrahaldi og húsdýrahaldi, auk reglna um meðhöndlun úrgangs og skólps. Heilbrigðisnefnd semur drög að nýjum samþykktum og breytingum á þeim og leggur fyrir viðkomandi sveitarstjórn sem síðan sendir þær til ráðherra til samþykktar.

Á árinu voru meðal annars staðfestar nýjar samþykktir um meðhöndlun úrgangs í Kjósarhreppi og Hvalfjarðarsveit, auk nýrrar fráveitusamþykktar í Hvalfjarðarsveit. Heilbrigðiseftirlitinu er heimilt að innheimta gjald af sveitarfélögum fyrir eftirlit með framkvæmd samþykpta. Yfirlit yfir gildandi samþykktir er aðgengilegt á vefsvæðum sveitarfélaganna.

Á eigendafundi í maí voru lögð fram drög að samþykktum til kynningar, annars vegar um vatnsverndarsvæði á Vesturlandi og í Kjósarhreppi og hins vegar um hunda-, katta- og gæludýrahald á sama svæði. Fundarmenn voru sammála um að vinna við setningu samþykktar um vatnsverndarsvæði væri langtímaverkefni þar sem þörf væri á ítarlegri umræðu meðal sveitarfélaga. Ef tryggja á hreint neysluvatn til framtíðar þarf að gæta vatnsverndar en slík vernd getur skapað hagsmunaárekstra. Jafnframt kom fram að heilbrigðiseftirlitið skorti leiðbeiningar um hvað sé heimilt eða óheimilt innan vatnsverndarsvæða.

Sambærilegar samþykktir eru í gildi á höfuðborgarsvæðinu og Suðurlandi. Rætt var um að fyrirliggjandi drög gæti reynst of íþyngjandi og hugsanlega komið í veg fyrir vatnstöku á sumum svæðum. Áhyggjur voru einnig af því að loka þyrfti einstaka vatnsveitum. Fundarmenn voru þó almennt sammála um að rétt væri að vinna slíka samþykkt að ígrunduðu máli, enda sé neysluvatn í forgangi. Ákveðið var að halda áfram með vinnu við skjalið og leggja það fyrir heilbrigðisnefnd sem muni síðan senda það til umsagna og umfjöllunar hjá sveitarstjórnunum.



Varðandi samþykkt um hunda- katta og gæludýrahald á Vesturlandi og í Kjósarhreppi varpaði framkvæmdastjóri fram þeirri spurningu hvort skráningar væru nauðsynlegar, þar sem allir hundar eru nú örmerktir og því auðvelt að finna eigendur. Með því væri hægt að einfalda stjórnsýslu og minnka umsýslu með skrár. Fram kom að hundaeftirlit færist í auknum mæli yfir á samfélagsmiðla. Einni var rætt að valdheimildir vanti í erfiðum málum, svo sem þegar hundar bíta fólk eða önnur dýr. Rætt var um ýmsa möguleika til að styrkja valdheimildir. Almenna reglan er að dýraeftirlitsmaður hafi fyrstu aðkomu að máli með formlegu bréfi og, beri það ekki árangur, sé málinu vísað til heilbrigðiseftirlits. Fundarmenn voru sammála um að þörf væri á skýrari verklagsreglum milli aðila og var ákveðið að vinna áfram að samþykktinni og senda hana síðar til sveitarfélaganna til umfjöllunar.

Tóbaksvarnir

Sala tóbaks fer fram í söluturnum og matvælaverslunum. Í árslok 2024 hafði 31 sölustaður leyfi til tóbakssölu en sjö ný leyfi voru gefin út á árinu. Sölustöðum tóbaks hefur fækkað nokkuð frá setningu laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir. Heilbrigðiseftirlitið hefur ekki markaðseftirlit með sölu nikótínvara (nikótínþúðar), rafretta og rafrettuvökva, heldur heyrir það undir Húsnaðis- og mannvirkjastofnun. Eftirlit með nikótínlyfjum heyrir undir Lyfjastofnun.

Tóbakssöluleyfi og veittar undanþágur árin 2019–2024.

Tóbakssöluleyfi	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Fjöldi útgefinna tóbakssöluleyfa	11	4	9	10	8	2
Fjöldi veittra undanþága vegna sölu tóbaks yngri en 18 ára	8	6	5	0	3	3

Matvæli

Um matvælaeftirlit gilda lög nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Lagabálkurinn um matvæli á uppruna sinn í Evrópulöggjöf sem hefur verið innleidd í íslenska löggjöf á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Tilgangur laganna er að tryggja eins og kostur er gæði, öryggi og hollustu matvæla, auk þess að tryggja réttar og fullnægjandi upplýsingar til neytenda. Matvælafyrirtæki er skilgreint sem hvert það fyrirtæki eða einstaklingur sem rekur starfsemi í tengslum við framleiðslu, vinnslu eða dreifingu matvæla á einhverju stigi, hvort sem um er að ræða starfsemi í ágóðaskyni eða ekki. Þetta á við um bæði einkarekin og opinber fyrirtæki. Neysluvatn telst til matvæla í skilningi laganna og er fjallað nánar um eftirlit með gæðum þess hér á eftir. Starfsleyfi sem gefin eru út á grundvelli matvælalöggjafarinnar eru ótímabundin.



Framsal eftirlits

Á árinu var gerður samningur við Matvælastofnun um framsal á eftirliti með framleiðslu og dreifingu matvæla, sbr. 3. mgr. 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Samningurinn kveður á um að Heilbrigðiseftirlit Vesturlands taki að sér eftirlit sem nánar er skilgreint í viðauka samningsins. Með samningi þessum framselur MAST jafnframt til heilbrigðiseftirlitsins opinbert eftirlit með lífrænni framleiðslu, sem og með vinnslu og dreifingu slíkra matvæla hjá matvælafyrirtækjum, öðrum en smásölum, sem ber að tilkynna starfsemi sína til heilbrigðiseftirlitsins.

Hópsýking í Húsafelli


Eitt mál kom upp á árinu sem varðaði hópsýkingu í Húsafelli. Í slíkum tilvikum er settur saman viðbragðshópur sem skipaður er fulltrúm viðkomandi heilbrigðiseftirlits, Matvælastofnunar og Embættis landlæknis. Hópurinn fundar eftir þörfum og ákveður fyrirkomulag rannsóknar og aðgerða til að greina uppruna sýkingarinnar. Í þessu tilviki veiktust þrír aðskildir hópar í Húsafelli og greindist nóróveira í saursýnum tveggja einstaklinga. Talið er líklegast að einstaklingarnir hafi borið veiruna með sér á staðinn og ekkert bendir til þess að sýkingin hafi átt upptök sín í Húsafelli.

Vöktun neysluvatns

Eftirlit með vatnsveitum fer fram með reglulegri sýnatöku á neysluvatni, auk þess sem vatnsverndarsvæði og mannvirki eru skoðuð þegar aðstæður leyfa. Á árinu voru tekin alls 163 sýni úr vatnsveitum, þar af 44 í stærri vatnsveitum og 119 í minni. Í stærri vatnsveitum stóðust 40 sýni gæðakröfur en fjögur féllu. Í minni vatnsveitum stóðst 101 sýni og 18 féllu.

Fjöldi sýna úr neysluvatni árin 2018–2024.

	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Fjöldi sýna úr neysluvatni	112	115	68	159	178	185	163



Samanburður á gæðum vatns eftir stærð vatnsveitna vegna sýna tekin 2024.


Þótt neysluvatn uppfylli gæðakröfur er það ekki endilega vísbending um að vatnsbólíð sjálft sé í góðu ástandi, þar sem sýnataka endurspeglar aðeins stöðuna þegar sýnið er tekið. Ef vatnsbólíð er viðkvæmt eða illa varið er lélegt er líklegt gæði vatnsnis versni við ákveðnar aðstæður. Ástand lítilla vatnsveitna þarfnast nánari skoðunar enda er hlutfall þeirra sem sýna frávík of hátt.



Árleg heildarúttekt á neysluvatni fór fram í 14 vatnsveitum í þéttbýli á Akranesi, í Borgarbyggð, Dalabyggð, Stykkishólmi, Grundarfirði, Snæfellsbæ og Hvalfjarðarsveit. Við úttektina er skimað fyrir fjölmörgum efnum sem samkvæmt viðauka reglugerðar um neysluvatn, þar sem fram koma hámarksgildi. Rannsókn sýnanna fer fram á rannsóknarstofu í Svíþjóð og gáfu niðurstöður ekki tilefni til athugasemda.

Tvö sýni voru tekin á Akranesi til að kanna hvort asbest mældist í neysluvatni. Sýnatökustaðir voru valdir með hliðsjón af því að vatn hefði runnið sem lengst í í gegnum asbestlagnir. Sýnin voru send til greiningar á rannsóknarstofu í Svíþjóð en ekkert asbest fannst. Bent hefur verið á að asbestlagnir eru víða orðnar gamlar og að möguleiki sé á að asbest geti borist í vatn ef lagnir gefa sig. Samkvæmt gögnum Alþjóðamatvælastofnunarinnar hefur þó ekki verið sýnt fram á aukna tíðni magakrabbameins þar sem drykkjarlagnir eru úr asbesti. Mikilvægt er að endurnýja lagnir samhliða endurnýjun gatna til að tryggja öruggt neysluvatn.



Árið 2024 var áfram unnið þróun og notkun áhættumatkerfis fyrir vatnsveitur. Verkefnið var upphaflega unnið í samstarfi nokkurra heilbrigðiseftirlitssvæða og Vatnaverkefrafæðistofu Háskóla Íslands og hefur verið komið upp áhættumatspurningum fyrir lindarbrunna og borholur. Algengustu áhættuþættir í litlum vatnsbólum eru að brunnar séu illa aðgengilegir (t.d. niðurgafnir), að yfirfallsrör vanti, að dýraskítur finnist í nágrenni við vatnsból eða að meindýr geti komist inn í það (t.d. ef músanet vantar á útloftun). Ef brunnar eru staðsettir of neðarlega í landinu getur ofanvatn runnið inn í þá við ákveðnar aðstæður, t.d. í leysingum. Þá eru mörg vatnsból ógirt, þrátt fyrir að í reglugerð um neysluvatn sé kveðið á um að brunnsvæði skuli vera afgirt með að lágmarki 5 m radius frá brunni. Stefnt er að því að áhættumeta öll vatnsból á starfssvæðinu til að afla betri upplýsinga um hönnun og byggingu þeirra. Jafnframt stendur til að útbúa sérstakar áhættumatsspurningar fyrir grafna brunna.



Hollustuhættir

Sundstaðir – sýnataka úr baðvatni

Á árinu 2024 voru tekin alls 48 sýni úr baðvatni. Um var að ræða annars vegar vatn úr sundlaugum, þar sem gilda strangar kröfur um sótthreinsun, og hins vegar vatn úr náttúrulegum þar sem leyfilegur gerlafjöldi er mun hærri.



- Stenst gæðaviðmið
- Stenst ekki gæðaviðmið

Niðurstöður rannsókna á sýnum teknum úr sundlaugarvatni og náttúrulegum árið 2024.

Af sýnum úr sundlaugum stóðust 32 gæðakröfur samkvæmt reglugerð um sund- og baðstaði, en 16 sýni féllu, sem telst tiltölulega hátt hlutfall. Rekstraraðilar fengu upplýsingar um niðurstöður þegar þær lágu fyrir og í þeim tilvikum sem sýni féll, var þeim gert að grípa til viðeigandi úrbóta sem felur í sér bættu hreinsun á sundlaugarvatninu. Niðurstöðurnar undirstrika mikilvægi þess að taka reglulega sýni úr baðvatni samhliða hefðbundnu eftirliti. Skimað var sérstaklega fyrir *Pseudomonas aeruginosa* þegar lítill eða enginn klór var í laugum. Tekin voru níu slík sýni og fannst bakterían í þremur þeirra. Hún getur verið skæð og valdið meðal annars eyrna-, sára- og þvagfærasýkingum.

Baðvatn í náttúrulegum er ómeðhöndlað og yfirleitt ekki vaktað nema þar sem starsemi er rekin á staðnum. Gæði baðvatns geta verið breytileg og ráðast af umgengni, álagi og náttúrulegum aðstæðum. Tekið var 21 sýni í náttúrulegum; 15 þeirra stóðust gæðakröfur reglugerðar um baðstaði í náttúrunni en sex féllu. *Pseudomonas aeruginosa* fannst í einu sýnanna. FólGestir sem sækja náttúrubaðstaði þar sem ekki er heimilt að sótthreinsa vatn með klór eru í aðstæðum þar sem talsverð sýkingarhætta getur skapast. Jafnframt er ekki gerð sama krafa til hæfni starfsfólks og björgunargetu og á hefðbundnum sundstöðum. Að mati heilbrigðiseftirlits er þetta óviðunandi fyrirkomulag og mikilvægt að reglugerð um baðstaði í náttúrunni verði endurskoðuð. Manngerðar laugar sem nýttar eru til afþreyingar, t.d. á ferðamannastöðum, ættu að lúta sömu kröfum og sundlaugar, bæði hvað hvað varðar sótthreinsun vatns og hæfni sundlaugarvarða.

Til fróðleiks er bent á [handbók Umhverfisstofnunar um sund- og baðstaði](#) en þetta leiðbeiningarit er nauðsynlegt fyrir þá sem starfa við sund- og baðstaði.



Eftirlit með húsnæði

Almenningur hefur rétt til að kalla heilbrigðiseftirlitið til ef grunur vaknar um að leiguhúsnæði eða annað íbúðarhúsnæði sé heilsuspillandi. Á hverju ári eru framkvæmdar nokkrar slíkar úttektir. Helstu ástæður raka og myglu í húsum geta verið margvíslegar. Algengast er að vandinn stafi af ófullnægjandi loftræstingu, þar sem loftun er gölluð, gluggar eru of litlir eða ekki opnaðir, ofnar bilaðir, loftræstikerfi er ekki til staðar eða óvirkt eða þegar húsnæði hefur ekki verið samþykkt til búsetu, t.d. vegna gluggalausra rýma. Heilbrigðiseftirlitið er vel tækjum búið til að sinna slíkum úttektum á faglegan hátt. Á vef Umhverfisstofnunar er að finna gagnlegar [leiðbeiningar um raka og myglu](#) sem og [leiðbeiningar um veggjalús](#).

Umhverfiseftirlit

Löggjöf á sviði umhverfismála á uppruna sinn í Evrópulöggjöf sem hefur verið innleidd í íslensk lög. Það á þó ekki við um náttúruverndarmál, þar sem gildir séríslensk löggjöf. Þannig hefur til dæmis vatnatilskipun Evrópusambandsins verið innleidd í lögum um stjórn vatnamála. Evróputilskipun um fráveitur er nú í endurskoðun og er útlit fyrir að kröfur um hreinsun fráveituvatns í sveitarfélögum verði hertar. Þær reglur munu taka gildi á Íslandi þegar þær hafa verið innleiddar í samræmi við EES-samninginn.

Fráveita í þéttbýli

Á Akranesi og í Borgarnesi sjá Veitur um rekstur fráveitukerfis fyrir þéttbýlið. Í hreinsivirkinu fer fram grófhreinsun og fituskiljun á skólpi áður en því er dælt út í sjó. Á þessum stöðum er bæði eigið eftirlit með hreinsun og eftirlit í viðtaka. Í miklum rigningarveðrum og þegar viðhald stendur yfir er þó stundum gripið til þess að veita skólpi um yfirfall í viðtaka án hreinsunar. OR vatns- og fráveitur, sem annast rekstur fráveitu á Akranesi, tilkynnti ítrekað um rekstrartruflanir vegna fitu sem veldur miklum vandræðum í hreinsistöðinni. Talið er að vandamálið megi rekja til ófullnægjandi hreinsunar á fráveitu hjá fyrirtæki í bænum og hafa kvartanir af þessu tagi staðið yfir í nokkur ár. Viðkomandi fyrirtæki hefur ráðist í viðamiklar úrbætur á ferlum sínum, m.a. sem tengjast fáveitumálum, en það hefur ekki dugað til og báurst enn kvartanir frá OR í árslok. Starfsleyfi hreinsistöðvarinnari á Ægisbraut gildir fyrir allt að 50 þúsund persónueiningar af skólpi. Samdkvæmt mati Veitna nemur raunálagið þó um 90 þúsund persónueiningum og annar hreinsstöðin því ekki álaginu. Af þeim sökum þarf oft að hleypa óhreinsuðu skólpi í sjó hlutfallslega of oft.

Meðhöndlun skólps fellur undir reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólpl, sem hefur verið til endurskoðunar um langt skeið hjá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.



Heilbrigðiseftirlitið skilar reglulega upplýsingum til Umhverfisstofnunar um ástand fráveitu og magn fráveituvatns. Umhverfisstofnun tekur saman skýrslu annað hvert ár og kom síðasta út árið 2023 með gögnum fyrir árið 2022. Þar er fjallað um ástand fráveitumála þar sem fráveituvatn nemur 2.000 persónueiningum eða meira. Á Vesturlandi falla Ólafsvík og Stykkishólmur í þennan stærðarflokk en þar er enn engin hreinsun á skólpi, sem er ekki í samræmi við ákvæði framangreindrar reglugerðar. Úrbætur í fráveitukerfum eru bæði kostnaðarsamar og tæknilega flóknar en mikilvægt er að sveitarfélög vinni að þeim markvisst í samræmi við gildandi löggjöf. Slíkar úrbætur geta lotið bæði að endurbótum á fráveitukerfunum sjálfum og að útrásum.


Mælingar á fráveitu í Snæfellsbæ, Grundarfirði og Stykkishólmi

Á árinu hóf Heilbrigðiseftirlit Vesturlands samstarfsverkefni við breska fyrirtækið *Molendotech Limited* (molendotech.com) sem framleiðir mælitæki undir heitinu *Bakterisk* (bakterisk.com). Tækið er fyrsta sinnar tegundar í heiminum og getur greint gram-neikvæðar bakteríur á um 15 mínútum. Það mælir magn endotoxína sem þessar bakteríur gefa frá sér og gerir þannig kleift að meta heilsufarsáætlu á þeim stað sem sýnið er tekið. Tveir fulltrúar frá Molendotech komu til Íslands í maí og framkvæmdu úttektir á fráveitum í Snæfellsbæ, Grundarfirði og Stykkishólmi. Samhliða því tók heilbrigðisfulltrúi hefðbundin bakteríusýni sem send voru til greininga hjá Matis. Niðurstöður mælinganna sýndu að mengun og heilsufarsáætla er fyrst og fremst bundin við útrásir og næsta nágrenni þeirra. Þó mældist heilsufarsáætla í allt að 150 m fjarlægð frá útrás. Starfsleyfi fyrir þessar fráveitur eru í vinnslu og verða unnin í nánú samstarfi við Umhverfisstofnun og viðkomandi sveitarfélög.

Fráveita í dreifbýli

Lífrænar hreinsistöðvar eru reknar af Veitum á Varmalandi, í Reykholti, á Bifröst og á Hvanneyri. Að öðru leyti er fráveita flestra húsa í dreifbýli á Vesturlandi tengd við rotþrær og siturlagnir. Meðhöndlun skólps með þeim hætti telst tveggja þrepa hreinsun, þegar hvoru tveggja er til staðar, þ.e. rotþró og siturlögn. Ákveðin felling á föstum efnum og aðskilnaður fitu á sér stað í rotþró, en siturlögnin sér um niðurbrot baktería. Til að búnaðurinn starfi rétt er mikilvægt að hann sé tæmdur reglulega, yfirleitt annað eða þriðja hvert ár. Sveitarfélög hafa gert samninga við tæmingaraðila sem annast þessi verk.

Það hefur færst í aukana að að einstaklingar og fyrirtæki velji að setja upp lífrænar hreinsistöðvar í stað rotþróa og siturlagna. Slíkur búnaður er almennt skilvirkari við niðurbrot lífrænna næringarefna. Þó sýna mælingar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands að fráveituvatn frá þessum hreinsistöðvum getur enn innihaldið bakteríumengað vatn, og því er nauðsynlegt að leggja siturlagnir við þær til að tryggja fullnægjandi bakteríuniðurbrot. Oftar en ekki eru þessar hreinsistöðvar kynntar sem lausnir sem „þurfa ekki siturlagnir“ eða „hefðbundnar siturlagnir“, en slíkar fullyrðingar eru oft óskýrar og geta verið villandi. Mikilvægt er að þeir sem setja niður slíkan búnað hafi gott aðgengi að þjónustu- og viðhaldsaðilum, enda er hér um tæknibúnað að ræða sem þarfnast reglulegs viðhalds til að starfa á réttan hátt.



Mengunarvarnaeftirlit

Reglubundið mengunarvarnaeftirlit er framkvæmt með fyrirtækjum sem eru starfsleyfisskyld samkvæmt reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Samkvæmt reglugerðinni ber að auglýsa nýjar starfsleyfisumsóknir á vef heilbrigðiseftirlitsins í fjórar vikur, og jafnframt að birta útgefin starfsleyfi á sama vettvangi. Þegar útgáfu starfsleyfis lýkur er útbúin greinargerð þar sem málsmeðferð kemur fram. Hluti fyrirtækja fellur nú undir reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Fyrir þau gildir ekki lengur auglýsingaskylda. Það má þó telja ákveðið flækjustig í löggjöfnni að krefjast auglýsingar á hefðbundnum atvinnurekstri sem þegar hefur verið grenndarkynntur í skipulagsferli, þar sem slíkt eykur bæði kostnað og umsýslu, án þess að bæta raunverulegt samráð.

Sýnataka á Langasandi

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands annast sýnatöku á sjósýnum á Langasandi á Akranesi fyrir Akraneskaupstað samkvæmt þjónustusamningi. Sýnataka fór fram yfir tímabilið maí til október, líkt og undanfarin 12 ár. Niðurstöður rannsókna sýna að saurgerlamengun er lítil og að Langisandur stenst allar kröfur sem gerðar eru til umhverfissvöðunar Bláfánans.

Númerslausir bílar, tæki og hlutir

Verklagsreglur er varða álímingar á númerslausa bíla, tæki og hluti er að finna á vef Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Verklagið felur í sér að notaðir eru tveir litir á límmiða eftir staðsetningu hlutarins. Þegar hlutur er á bæjarlandi er notaður rauður límmiði og gefinn frestur til úrbóta áður en gripið er til frekari aðgerða. Sé hluturinn á einkalandi er límdur appelsínugulur límmiði og eigandi jafnframt upplýstur um að heilbrigðiseftirlitið hyggist taka málið til meðferðar. Honum er þá veittur frestur til að koma að andmælum. Ef niðurstaða verður að taka málið formlega til meðferðar er límdur rauður miði á hlutinn og eiganda veittur frestur til að fjarlægja hann. Að fresti liðnum er haft samband við flutningafyrirtæki sem fjarlægir hlutinn á kostnað eiganda.

Þar sem embættið hefur verið undirmannað um nokkurt skeið hefur ekki verið unnt að sinna þessum málum með þeim krafti sem æskilegt væri, en horfur eru á að það batni á komandi árum. Til upplýsinga má nefna að á sumum eftirlitssvæðum starfar sérstakur starfsmaður sem sinnir eingöngu eftirliti með hreinsun lóða. Slíkt fyrirkomulag væri einnig hægt að koma á hjá sveitarfélögum á Vesturlandi ef áhugi er á að kosta slíkan starfskraft, þar sem heilbrigðiseftirlitið hefur allar nauðsynlegar heimildir til að vinna að þessum málum.



Hvalreki

Á árinu 2024 bárust tvær tilkynningar frá lögreglu og Umhverfisstofnun um hvalreka. Samkvæmt verklagsreglum frá árinu 2005 um aðkomu opinberra aðila þegar hvali rekur á land felst hlutverk heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga einkum í því að tryggja að umhverfi mengist ekki og að leggja til viðeigandi aðgerðir ef þörf krefur.

Mengunarslys undir Hafnarfjalli í Hvalfjarðarsveit

Þann 12. ágúst 2024 tilkynnti slökkviliðið í Borgarnesi um mengunarslys undir Hafnarfjalli þar sem kviknaði í flutningabíl fyrirtækisins Hreinsitækis, sem flutti polymer (efni sem er skaðlegt fyrir umhverfið). Við brunann lak um 20 lítrar af óblönduðu efni út úr bílnum, sitt hvorum megin við veginn. Vegagerðinni, sem ber ábyrgð sem veghaldari, var þegar gert viðvart. Heilbrigðiseftirlitið hafði í framhaldinu talsverð afskipti af málinu þar sem tafir urðu á því að fá Vegagerðina til að láta hreinsa upp efnið. Hlutverk heilbrigðiseftirlitsins á vettvangi er að tryggja að hreinsun sé fullnægjandi og að mengun berist ekki út í umhverfið. Ekki var ráðist í hreinsun fyrr en 19. ágúst, sjö dögum eftir atvikið. Í kjölfarið var málið fært til bókar og skýrsla send hlutaðeigandi aðilum til áréttingar um að slíkur seinagangur við hreinsun eftir mengunarslys sé óásættanlegur.

Tiltekt á lóðum og lendum

Á eigendafundi í maí var lögð fram tillaga um tímabundið verkefni sem felst í að ráða sérstakan starfsmann, til dæmis til eins árs, til að sinna eingöngu tiltekt á lóðum og lendum. Áætlaður kostnaður væri á bilinu 15–20 milljónir króna, m.a. eftir því hvort starfsmaðurinn þyrfti sérstakan bíl til afnota. Að mati framkvæmdastjóra snýr tillagan að stórum og flóknum málum sem erfitt er að sinna af núverandi starfsmannafjölda. Heilbrigðiseftirlitið hefur ekki svigrúm til að vinna að mörgum slíkum málum samtímis, en á sama tíma eykst þrýstingur frá sveitarfélögum um að eftirlitið sinni tiltektarmálum. Ef sérstakur starfsmaður væri ráðinn í verkefnið, líkt og dæmi eru um hjá öðrum heilbrigðiseftirlitssvæðum, mætti búast við meiri framgangi í málaflokknum og að heilbrigðiseftirlitið gæti betur komið til móts við óskir sveitarfélaganna. Tiltektarmál á lóðum eru jafnan bæði flókin og tímafrek og hætta er á að þau dagi uppi vegna annarra verkefna ef ekki er markvisst sinnt þeim.



Megnaður jarðvegur

Á eigendafundinum í maí var kynnt sú staða sem upp er komin að mengaður úrgangur hefur engan farveg til förgunar, þar sem Umhverfisstofnun hefur lokað fyrir móttöku slíks úrgangs á urðunarstöðum. Þetta er í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs þar sem ábyrgð á slíkri förgun hvílir á sveitarfélögum. Sama gildir við um úrgang sem dælt er upp úr olúgildrum og einnig um dýraleifar. Hætta er á að þessi mengun dreifist víða ef ekki verður brugðist hratt við. Sveitarfélög þurfa að eiga samtal við Umhverfisstofnun um hvernig best sé að leysa úr stöðunni. Einn möguleiki væri að koma upp aðstöðu með starfsleyfi til meðhöndlunar mengaðs jarðvegs á urðunarstöðum.

Heilbrigðiseftirlitinu barst skýrsla frá COWI þar sem metin var hugsanleg mengun á jarðvegi í kjölfar brunans að Höfðaseli 16 Akranesi. Í ljós kom að jarðvegur undir brunasvæðinu var mengaður af olíu. Í kjölfarið var lagt til við rekstraraðila að leita ráðgjafar um hvernig væri unnt er að hreinsa jarðveginn á staðnum og er það mál nú í vinnslu.

Loftgæði


Mælingar á loftgæðum eru mikilvægar til að afla upplýsinga um stöðu málaflokksins, styðja við ábyrga ákvarðanatöku og skipulag og til að fylgjast með losun frá fyrirtækjum. Heilbrigðiseftirlitið mælir ekki sjálft loftgæði en nokkrar mælistöðvar eru á starfssvæðinu í tengslum við rekstur stóriðju á Grundartanga. Um niðurstöður þeirra mælinga er vísað í umhverfisskýrslur stóriðjunnar sem gefnar eru út árlega. Heilbrigðiseftirlitið hvetur sveitarfélög til að láta framkvæma reglulegar loftgæðamælingar og birta niðurstöður á vefnum www.loftgaedi.is.



FJÁRMÁL

Samkvæmt rekstrarreikningi námu heildartekjureftirlitsins 100,6 milljónum króna, og var rekstrarniðurstaðan jákvæð um 3,1 milljón króna (2023: neikvæð um 5,3 millj. kr.). Eigið fé í árslok 2024 var 24,6 milljónir króna (2023: 21,5 millj. kr.). Vísast til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Rekstur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands hefur verið í nokkru jafnvægi síðastliðin tvö ár, og leggur stjórn áherslu á að reksturinn sé í stakk búinn til að mæta tímabundnum áföllum. Á árinu 2024 störfuðu sjö starfsmenn hjá Heilbrigðiseftirlitinu, sem samsvarar 4,8 ársverkum. Heildarlaunagreiðslur, að meðtöldum stjórnarlaunum, námu 58,2 milljónum króna (2023: 52,6 millj. kr.). Af þeirri fjárhæð námu stjórnarlaun 1,9 milljónum króna (2023: 2,0 millj. kr.). Launatengd gjöld voru 14,9 milljónir króna (2023: 13,9 millj. kr.). Laun framkvæmdastjóra námu 18,5 milljónum króna árið 2024 (2023: 18,1 millj. kr.).



Hlutfallsleg skipting reksturs Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2024.





Heilbrigðiseftirlit
Vesturlands

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Innrimel 3, 301 Akranes

Sími: 431-2750

Netfang: eftirlit@hev.is

www.hev.is

